

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæðið Drangahraun – Skútahraun vegna Drangahrauns 7. Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa breyting á deiliskipulagi lóðarinnar Drangahraun 7. Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður um 4 m til vesturs fyrir viðbyggingu. Grunnflötur viðbyggingar er 70 m² og er hún á tveimur hæðum. Lóðin stækkar að hluta til um 40 cm til vesturs.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 10. júní 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 25. júní 2024